

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/267****2023/EES/79/57****frá 8. febrúar 2023****um leyfi til að setja á markað þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu. Á grundvelli skilgreiningarinnar sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar teljast hefðbundin matvæli frá þriðja landi vera nýfæði.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Hinn 28. mars 2019 sendi fyrirtækið DOMENICODELUCIA SPA (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja hnetur af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á að almenningur neyti þurrkaðra hnetu af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. sem slíkra.
- 4) Tilkynningin er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2283. Gögnin, sem umsækjandinn lagði fram, sýna einkum fram á að þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. hafi reynst öruggar til notkunar sem matvæli á Filippseyjum.
- 5) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 13. desember 2021.
- 6) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja viðkomandi matvæli á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan tímabilsins sem er fastsett í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 39, 9.2.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

- 7) Hinn 13. maí 2022 birti Matvælaöryggisstofnunin „Technical Report on the notification of nuts of *Canarium ovatum* Engl. as a traditional food from a third country“⁽³⁾. Í þeirri skýrslu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirbyggjandi gögn um samsetningu og reynslu vegna umbeðinnar notkunar á hnetum af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. skapi ekki öryggisvanda.
- 8) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu þurrkaðra hnetna af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. á markað sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði til samræmis við það.
- 9) Í skýrslu sinni greindi Matvælaöryggisstofnunin einnig frá því, á grundvelli takmarkaðra, birtra gagna um fæðuofnæmi sem tengist hnetum af tegundinni *Canarium ovatum* Engl., að búast megi við ofnæmisviðbrögðum eftir neyslu á hnetum af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. Rannsóknir sýndu einkum víxlsvörur í glasi milli hnetna af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. og kasúhnetna og valhnetna. Mikilvægt er að upplýsingar um tilvist matvæla, sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum, séu veittar á skýran hátt til að gera neytendum kleift að taka upplýstar ákvarðanir sem eru öruggar fyrir þá. Því þykir rétt að hnetur af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. sem eru gerðar aðgengilegar neytendum séu merktar á viðeigandi hátt í samræmi við kröfurin í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 10) Færa ætti þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Leyft er að setja þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. á markað innan Sambandsins.

Þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. skulu færðar sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽³⁾ *EFSA supporting publication* 2022:EN-7314.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Þurrkaðar hnetur af tegundinni <i>Canarium ovatum</i> Engl.	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgrad</i>	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „hnetur af tegundinni <i>Canarium ovatum</i> “ og/eða „pílhnetur“ og/eða „pílhnetur (<i>Canarium ovatum</i>)“. 2. Á merkimiða matvæla sem innihalda þurrkaðar hnetur af tegundinni <i>Canarium ovatum</i> Engl. skal vera yfirlýsing þess efnis að þurrkaðar hnetur af tegundinni <i>Canarium ovatum</i> Engl. geti valdið ofnæmisviðbrögðum hjá neytendum sem eru með þekkt ofnæmi fyrir kasúhnetum og valhnetum. Þessi yfirlýsing skal birtast nálægt listanum yfir innihaldsefni eða, ef listi yfir innihaldsefni liggur ekki fyrir, nálægt heiti matvællanna.“	
	Ekki tilgreint			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Þurrkaðar hnetur af tegundinni <i>Canarium ovatum</i> Engl.	<p>Lýsing/Skilgreining: Hefðbundnu matvælin samanstanda af öristuðum, þurrkuðum hnetum af tegundinni <i>Canarium ovatum</i> Engl. (ætt: kyndilviðarætt (Burseraceae) almennt nefndar pílhnetur. Pílhnetur koma einungis af plöntum af tegundinni <i>Canarium ovatum</i> Engl., yrkjunum Laysa, Magnaye, M. Orolfo, Lanuza og Magayon, og þær er hægt að setja á markað með eða án skurnar. Æti hluti hnetunnar er kjarninn.</p> <p>Dæmigert samsetningarvið: Fita: 57–73% Prótín: 11–15% Vatn: 1–5% Kolvetni: 8–16,5% Aska: 2,8–3,4%</p> <p>Örverufræðilegar viðmiðanir: Myglu- og gersveppir: ≤ 100 CFU/g Heildarlíftala við 30 °C: ≤ 10 000 CFU/g Kólibakteríur: ≤ 100 CFU/g <i>Escherichia coli</i>: ≤ 10 CFU/g</p>

Staphylococcus aureus: Finnst ekki í 25 g

Salmonella spp.: Finnst ekki í 25 g

Listeria monocytogenes: Finnst ekki í 25 g

Súlfítafoxandi loftfirrðar bakteríur: ≤ 10 CFU/g

CFU: Þyrpingamyndandi einingar“